



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

26. sept. 2019 – Pistill nr. 60



Vel gengur með stækkun leikskólans

Undanfarna mánuði hefur Húsheild ehf. unnið að stækkun leikskólans Yls sem er viðbygging við Reykjahlíðarskóla. Framkvæmdir ganga vel og miðar áfram samkvæmt áætlun. Því er gert ráð fyrir að leikskólinn verði tilbúinn um miðjan október eins og stefnt var að. Óhætt er að segja að nýtt húsnæði verði gjörbylting fyrir starfsemi leikskólans. Ríkir mikil tilhlökkun hjá starfsfólki og börnum leikskólans að taka nýja húsnæðið í notkun. Leikskólinn hefur verið með aðstöðu inni í Reykjahlíðarskóla á framkvæmdatímanum og farið vel um þau þar.



Framkvæmdir ganga vel innan dyra.

40% fjölgun íbúa síðan 2013

Rafrænt eintak af árlegri íbúaskrá sveitarfélaga miðað við 1. desember 2018 frá Hagstofu Íslands var lagt fram á fundi sveitarstjórnar. Þar kom fram að íbúar Skútustaðahrepps þann 1. des. 2018 voru 503 talsins. Samkvæmt Hagstofunni voru íbúar Skútustaðahrepps þann 1. júlí s.l. 530 talsins. Fjölgun íbúa síðan 2013 (úr 378) er því 40,2%.

Framkvæmdaleyfi fyrir niðurrennslisholu

Sveitarstjórn hefur samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir Jarðböðin um að bora nýja niðurrennslisholu. Sótt var um leyfi fyrir jarðvinnu, gerð aðkomuvegar og borstæðis, borun holu og lagnatengingar við baðlón. Ráðgert er að niðurrennslisholan verði boruð amk niður á 250 metra dýpi en þó gert ráð fyrir allt að 300 metra dýpt.

Jafnframt verði skipulagsfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og einnig 13. -16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tilnefningar óskast til Umhverfisverðlauna 2019 - Framlengdur frestur

Kæru sveitungar. Nú er komið að því að auglýsa eftir tilnefningum fyrir Umhverfisverðlaunin 2019. Óskað er eftir tilnefningum um einstaklinga, fyrirtæki, lögbýli eða stofnun sem eru til fyrirmyndar í umhirðu og umgengni síns nærumhverfis. Biðjum við ykkur að horfa í kringum ykkur og senda til okkar tilnefningar með rökstuðningi af hverju viðkomandi ætti að hljóta viðurkenningu.

Tilnefningar skal senda á hannakata@vjp.is eða skila inn á hreppskrifstofu fyrir 10. október n.k. (athugið framlengdur frestur). Umhverfisverðlaun 2019 verða afhent á slægjufundi 26. október n.k.



Dagfríður Ósk og Linda Björk.

Ein fjölskylda getur gert ýmislegt

Linda Björk Árnadóttir er frumkvöðull í Mývatnssveit. Sjálfbærni er henni ofarlega í huga og hún lætur verkin tala. Að hennar frumkvæði var afar fróðlegur fyrirlestur í Skjólbrekku í síðustu viku. Í tilefni plastlauss september var Dagfríður Ósk með kynningu um það sem hún og hennar fjölskylda hefur gert til að minnka vistspor sitt og það er ljóst að ein fjölskylda getur gert ýmislegt. Vel var mætt á fundinn sem sýnir áhugann fyrir umhverfismálunum.

Tryggður verði nægjanlegur fjárhagslegur stuðningur

Á fundi sveitarstjórnar var samþykkt sameiginleg umsögn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps og sveitarfélagsins Þingeyjarsveitar um tillögu að reglum um fjárhagslegan stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sem er til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda:

„Sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar leggja ríka áherslu á að þeim sveitarfélögum sem takast á við sameiningu sé tryggður nægjanlegur fjárhagslegur stuðningur til að takast á við þau umfangsmiklu og kostnaðarsömu verkefni sem slíku ferli fylgir. Í því felst að fá stuðning við undirbúning og innleiðingu

breytinganna, framlög til uppbyggingar stjórnsýslu, þróunar þjónustu og samfélags og til jöfnunar á aðstöðumun sveitarfélaga.

Markmið reglnanna er að styrkja sveitarstjórnarstigið með því að stuðla að sameiningum sveitarfélaga og búa til sterkari skipulagsheildir. Tillögurnar byggja á þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033. Þar er m.a. það markmið að sveitarfélög hafi ávallt nægilegan styrk til að takast á við áskoranir framtíðarinnar, svo sem aukna sérhæfingu, breytta aldurssamsetningu, búferlaflutninga, tæknibreytingar, þróun á sviði umhverfis- og loftslagsmála, lýðheilsumál o.fl. Mikilvægt er að gæta samræmis á milli markmiða í þingsályktunartillögu ráðherra og úthlutun framlaga. Í ljósi þess leggja sveitarstjórnirnar til að heimilt verði að sækja um framlög til sérstakra þróunar- og nýsköpunarverkefna sem eru í samræmi við markmið stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga.

Verði sameining Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar samþykkt í atkvæðagreiðslu verður til stærsta sveitarfélag Íslands, sem nær yfir um 12% landsins. Landmikil sveitarfélög takast oft og tíðum á við flókin viðfangsefni, sér í lagi þegar kemur að skipulags- og umhverfismálum. Þau verkefni eru tíma- og kostnaðarfrek og kalla á mikla staðbundna þekkingu í bland við sérfræðiþekkingu á sviði skipulags- og umhverfismála. Að mati sveitarstjórnanna er ekki nægilega mikið tillit tekið til slíkra aðstæðna í tillögunni, en viðbúið er að fleiri sveitarfélög verði mjög landstór. Því er lagt til að til viðbótar við byggðaframlag sem tekur mið af íbúáþróun verði sérstakt framlag til landstórra sveitarfélaga.

Í tillögunni er vikið að nýrri aðferð við útreikning svokallaðra skuldajöfnunarframlaga. Í breytingunni felst að miðað verði við skuldir A-hluta sveitarsjóðs við útreikning skuldajöfnunarframlaga. Að mati sveitarstjórna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar er eðlilegt að miðað verði við samstæðureikning sveitarfélagsins, þ.e. bæði A og B hluta. Skuldir og skuldbindingar fyrirtækja í B-hluta eru háðar

samþykki sveitarstjórna og með ábyrð sveitarsjóða. Í mörgum tilvikum eru skuldir B-hlutafyrirtækja með veð í skatttekjum sveitarsjóða. Í ljósi þess er óeðlilegt að undanskilja skuldir og skuldbindingar B-hluta fyrirtækja við mat á skuldastöðu.

Lagt er til að við ákvörðun skuldajöfnunarframlaga verði sömu aðferðum beitt og við útreikning á skuldahlutfalli skv. 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, líkt og gert er í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Þá leggja sveitarstjórnirnar til að heimilt verði að taka tillit til nauðsynlegs viðhalds og framkvæmda sem sveitarfélög hafa frestað til að standast ákvæði laga um rekstrarjafnvægi og skuldahlutfall. Sé það ekki gert taka framlögin ekki mið að heildarskuldsetningu þeirra sveitarfélaga sem vinna að sameiningu og aðstöðumunur því ekki jafnaður.

Sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar eru stoltar af því að hafa gætt aðhalds í rekstri og fjárfestingum og haldið skuldum þannig í lágmarki. Sá árangur hefur þann ókost að viðhaldi og framkvæmdum er haldið í lágmarki og ljóst er að í báðum sveitarfélögum er uppsöfnuð viðhalds- og fjárfestingaþörf sem sveitarfélögunum þykir eðlilegt að verði mætt.

Í tillögu að reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs er kveðið á um að framlög skv. b-, e- og f- lið ákvæðisins skulu greidd á 7 árum. Vakin er athygli á að skv. e- lið, er lýtur að kostnaði við framkvæmd sameiningar og til að stuðla að endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu, er gert ráð fyrir framlagi í allt að fimm ár frá sameiningu. Þá er kveðið á um það í d-lið að veitt sé framlag í fjögur ár, frá sameiningarári að telja, sem nemur þeirri skerðingu sem kann að verða á tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar, sbr. 4. gr. Lagt er til að greiðslutími allra framlaga verði samræmdur og miðað sé við fimm ár frá sameiningarári að telja.“



Betri eða bitrari!

Mánudaginn 7. október kl. 17.00-18.30 verður Árelía Eydís Guðmundsdóttir með afar áhugaverðan fyrirlestur í Skjólbrekku. Árelía er dósent við Viðskiptadeild Háskóla Íslands og kennir leiðtogafræði og kúrsa um forystu og framtíðarvinnumarkað.

Um fyrirlesturinn:

Mikilvægt er að setja stefnuna og huga að næstu skrefum í lífi og starfi reglulega. Árelía Eydís mun fjalla um mikilvægi þess að fara í stefnumótun í eigin lífi og huga að „framtíðarsjálfinu“ hvernig við undirbúum okkar sem best fyrir framtíðina. Á miðjum aldri erum við líklegri til að verða annað hvort „betri eða bitrari“, námskeiðinu er ætlað að varpa ljósi á af hverju það er – og kynna leiðir til að verða betri!

Fjallað verður um lífsánægju og vellíðan eftir aldri en munur er á því hvaða verkefni við erum að takast á við eftir því hvaða lífskafla við erum í. Við lítum á áskoranir, markmið, mikilvægi nýrra reynslu, hvernig við viðhöldum sköpunarkrafti okkar og um mikilvægi þess að þekkja hvernig við þróumst og þroskumst eftir aldri. Farið verður í hvernig vinnumarkaðurinn er að breytast og með hvaða hætti er rétt að undirbúa sig með því að efla vinnuhæfni sína.

Eftir Árelíu Eydísi hafa komið út sjö bækur.

– *Fyrirlesturinn er styrkur af Lýðheilsusjóði*



8848 ástæður til þess að gefast upp

„8848 ástæður til þess að gefast upp“ er heitið á fyrirlestri Vilborgar Örnú pólfara sem haldinn verður í Skjólbrekku sunnudaginn 29. sept. kl. 17:00.

Ókeypis aðgangur. Vilborg Arna rekur leiðangurssögu sína og segir frá því hvernig hún hefur yfirstigið hindranir, haldið út í erfiðum aðstæðum og tekist á við sorg sem og sigra. Þetta er einlæg frásögn og á erindi við alla sem þurfa að takast á við áskoranir, mótlæti eða vilja bæta árangur sinn.

Af heimasíðu Vilborgar:

„Ástríða mín er náttúra, útvíst og áskoranir og hef ég haft mikla köllun til þess að fylgja draumum mínum eftir. Mottóið mitt er: “Ef þú þráir eitthvað nógu heitt að þá finnurðu leiðina, – annars finnurðu bara afsökunina“. Ég hef einnig valið mér gildi og haft þau sem leiðarljós í öllum mínum verkefnum. Þau eru: JÁKVÆÐNI - ÁRÆÐNI - HUGREKKI
Ég hvet fólk líka til þess að leyfa sér að dagdreyma því draumarnir eru oft undirrót þess að fólk setji sér markmið. Í dagdraumunum er maður nefnilega alltaf leynt og ljóst að ná markmiðum sínum og maður er að ferðast inn á staði og inn í aðstæður sem manni langar raunverulega að vera á. Auk þess er maður alltaf sigurvegari í sínum eigin draumum og við eigum að hugsa um okkur sem sigurvegara í okkar eigin lífi.

Meðal leiðangra sem ég hef farið í eru skíðaferð yfir Grænlandsjökul, farið í siglingarleiðangra og gengið einsömul á Suðrúpólinn. Jafnframt hef ég klifið fjöll

bæði hér á landi og víða erlendis. Árið 2014 varð ég fyrsta og eina konan í heiminum sem hefur bæði klifið 8000m tind sóló og gengið á pól sóló. Það eru forréttindi að alast upp á íslenskum fjöllum og jöklum. Aðstæðurnar á Íslandi eru oft krefjandi og þá sérstaklega með tilliti til veðurfars. Íslenska náttúran hefur verið góður skóli með öllum sínum litbrigðum.

Bakgrunnur minn er fyrst og fremst úr ferðaþjónustu en ég hef sinnt hinum ýmsu störfum innan hennar. Ég er með B.A. í ferðamálafræðum frá Háskólanum á Hólum í Hjaltadal og hef auk þess MBA gráðu frá Háskóla Íslands. www.vilborg.is –

Skútustaðahreppur er Heilsuefandi samfélag
– *Fyrirlesturinn er styrkur af Lýðheilsusjóði*



Frá fundi ferðaþjónustuaðila í Mývatnssveit.

Ferðaþjónustuaðilar í Mývatnssveit bera sig með ágætum

Ferðaþjónustan er undirstöðuatvinnugreinin í Mývatnssveit og skal engan undra enda náttúrufegurðin hér einstök á heimsvísu. Þrátt fyrir samkeppni á svæðinu bera ferðaþjónustuaðilar hér gæfu til þess að standa saman, ekki síst þegar á móti blæs, undir styrkri stjórn Mývatnsstofu. Á dögunum var blásið til fundar þar sem ferðaþjónustuaðilar báru saman bækur sínar. Flestir báru sig nokkuð vel eftir sumarið sem virðist á pari við sumarið í fyrra og eru bjartsýnir fyrir framtíðina. Upp úr stendur að hér er góður grunnur, hér er gríðarlega öflug ferðaþjónusta sem býður upp á fjölbreytta gistingu, matsöluastaði og ýmiss konar afþreyingu á heimsmælikvarða.



Mótun nýrrar sóknaráætlunar

Í síðustu viku stóð Eyþing fyrir stórfundi í Hofi um mótun nýrrar sóknaráætlunar Norðurlands eystra fyrir árin 2020-2024. Um 100 manns mættu og voru umræðurnar gefandi og skapandi og lofa góðu fyrir framhaldið.

Starfsmaður óskast hjá þjónustumiðstöð Skútustaðahrepps

Áhaldahús sveitarfélagsins er þjónustumiðstöð þess og sinnir fjölbreyttum verkefnum, s. s. viðhaldi á götum og gangstéttum, frárennsliskerfi, hitaveitu, gámasvæði og ýmiskonar uppbyggingu ásamt snjómokstri.

Skútustaðahreppur óskar eftir að ráða starfsmann í þjónustumiðstöð. Um er að ræða 100% starf.

Starfssvið:

- Vinna við umhirðu og viðhald eigna sveitarfélagsins
- Vinna við viðhald veitna, gatna, snjómokstur, sláttur, gámasvæði ofl. störf sem þjónustumiðstöð sinnir
- Bakvaktir vegna veitna og snjómoksturs

Menntun og hæfni:

- Lönmenntun sem nýtist í starfi kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Ökuréttindi er skilyrði, vinnuvélaréttindi er kostur
- Gerð er krafa um frumkvæði, drifkraft, snyrtimennsku, skipulögð og fagleg vinnubrögð, getu til að vinna sjálfstætt ásamt hæfni í mannlegum samskiptum. Sveigjanleiki varðandi vinnutíma er nauðsynlegur t.d þegar kemur að snjómokstri, gámasvæði og tilfallandi útköllum.

Umsóknarfrestur er til og með 7. október 2019. Launakjör samkvæmt kjarasamningi stéttarfélaganna við Samband íslenskra sveitarfélagna. Umsóknum ásamt ferilskrá skal skila á skrifstofu Skútustaðahrepps eða sent rafrænt á skutustadahreppur@skutustadahreppur.is. Eyðublöð vegna atvinnuumsóknar má nálgast hér. Upplýsingar um starfið veitir: Lárus Björnsson í síma 862 4163 eða larus@skutustadahreppur.is.

Lokadagur til að skila inn umsögn um fjölmenningsstefnu

Stýrihópur á vegum velferðar- og menningarmálanefndar hefur undanfarna mánuði unnið að gerð Fjölmenningsstefnu Skútustaðahrepps. Drög að Fjölmenningsstefnu liggja nú fyrir til kynningar.

Þeir sem vilja koma ábendingum og/eða athugasemdum á framfæri um Fjölmenningsstefnuna eru beðnir að senda tölvupóst á netfangið

thorsteinn@skutustadahreppur.is í síðasta lagi fimmtudaginn 26. september n.k.



Skemmtilegar lýðheilsugöngur í september

Þorlákur Páll Jónsson var leiðsögumaður í Lýðheilsugöngunni í síðustu viku. Gengið var í kringum Stakhólstjörn með hliðarsnúningum og var vel mætt þrátt fyrir votviðri. Hópurinn góði sem mætti má sjá hér að ofan.



Síðasta lýðheilsugangan var í gær en genginn var Fagraneshringurinn undir stjórn Jóhönnu Jóhannesdóttur. Var fámennnt en góðmennt og veðrið eins og best verður á kosið.

Íbúasamráð vegna fjárhagsáætlunar

Sveitarstjórn býður íbúum upp á að senda inn sínar ábendingar/tillögur vegna fjárhagsáætlunargerðar sem gætu stuðlað að aukinni hamingju íbúa sveitarfélagsins. Ábendingarnar geta verið af margvíslegum toga en eru fyrst og fremst hugsaðar fyrir minni verkefni. Ábendingarnar getað varðað ýmislegt í nærumhverfi svo sem opin svæði, leiksvæði, íþróttasvæði, bætingu á lýsingu o.fl. Einnig ábendingar um umferðarmál, sorpmál, frístundir, menningarmál, hagræðingar í starfsemi sveitarfélagsins, nýjum verkefnum sem sveitarfélagið ætti að sinna eða verkefnum sem leggja þarf áherslu á í starfsemi okkar til að stuðla að aukinni hamingju íbúa. Sveitarstjórn mun fara yfir þær ábendingar sem berast frá íbúum við gerð fjárhagsáætlunar.

Búið er að setja upp sérstaka síða á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem hægt er að senda inn ábendingar/tillögur vegna fjárhagsáætlunar.

Smellið á [STJÓRNSÝSLA > Ábendingar, umsagnir og/eða tillögur](#)

Ókeypis fyrir börn í sundlaugina á Laugum – Ókeypis rútuferð laugardaginn 28. september.

Skútustaðahreppur býður áfram upp á ókeypis rútuferð í sund á Laugum fyrir fjölskyldur. Næsta rútuferð verður laugardaginn 28. september. maí n.k.

Fyrirkomulagið er eftirfarandi:

Farið er frá hreppsskrifstofu kl. 10.30 (athugið breyttan tíma) laugardaginn 28. september n.k. Ókeypis er í rútna. Farið er sunnan vatns og hægt að taka upp fólk á leiðinni við Þjóðveginn.

Til að vita fjöldann þarf að tilkynna þátttöku í rútuferðinni í seinasta lagi kl. 11:45 á föstudegi fyrir ferðina, á netfangið

skutustadahreppur@skutustadahreppur.is – eða með því að hringja í 46 46 660 á hreppsskrifstofu. Gefa þarf upp fjölda fólks og hvar á að taka fólk upp í rútna á leiðinni ef það fer ekki frá hreppsskrifstofu.

Sveitarfélagin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit hafa gert samkomulag um aðgengi barna og ungmenna í Skútustaðahreppi að sundlauginni á Laugum. Í því felst:

Börn í Skútustaðahreppi á aldrinum 6-16 ára fá ókeypis aðgang í sundlaugina á Laugum á opnunartíma hennar. Nafnalisti með börnum 6-16 ára með lögheimili í Skútustaðahreppi verður í afgreiðslu sundlaugarinnar og þarf að skrá þau inn. Nánar á heimasíðu Skútustaðahrepps.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi að undanfögnu m.a. hjá framkvæmdastjórn HNB bs, forstöðumannafund, skipulagsnefnd, sundlaugarnefnd, skóla- og félagsmálanefnd, samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna, umhverfisnefnd, brunavarnarnefnd, farið á ráðstefnu í Hofi um sóknaráættun, fundað með forstöðumönnum vegna fjárhagsáætlunar, með félags- og skólaþjónustu Norðurþings, með stjórn LR svo eitthvað sé nefnt. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri